

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis
101 Reykjavík

Reykjavík 23. september 2016

Efni : 870. mál – Umsögn um frumvarp til laga um höfundalög (eintakagerð til einkanota)

Félag íslenskra hljómlistarmanna hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar, en félagið hefur lengi innan sameiginlegra innheimtusamtaka rétthafa, IHM, barist fyrir því að slíkt frumvarp yrði lagt fram. FÍH er málsvari atvinnuhljómlistarmanna og tónlistarkennara í landinu og eru félagsmenn um 750.

Það er því mjög ánægjulegt að sjá þetta frumvarp nú lagt fram á Alþingi.

Stjórn FÍH styður eindregið að frumvarpið verði samþykkt til þess að koma til móts við ósk rétthafa um löngu tímabærar breytingar á Höfundalögum til að fella inn í löggjöfina öll þau nýju tæki sem komið hafa á markað á síðustu árum og er ætlað m.a. að gera eintök af tónlist og öðru höfundaréttarvernduðu efni.

Með von um að málið verði unnið hratt og vel og verði að lögum fyrir þinglok.

Virðingarfyllst

F.h. stjórnar FÍH



Björn Th. Árnason, formaður

Félag íslenskra hljómlistarmanna Raudagerði 27 108 Reykjavík